Landsbankinn hf.
Reykjastræti 6
101 Reykjavík

Dagsetning 19.2.2026
Málsnúmer FOR25070108

Undanþága Landsbankans hf. frá gildissviði upplýsingalaga fyrir hönd dótturfélaga

1. Erindi Landsbankans hf. og málsmeðferð forsætisráðuneytisins

Við birtingu auglýsingar, nr. 4/2023 frá 10. janúar 2023, tóku gildi þær ákvarðanir forsætisráðherra að sjö nánar tilgreind dótturfélög Landsbankans hf. skyldu ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga og skyldu undanþágurnar endurskoðaðar ekki síðar en 10. janúar 2026. Áður höfðu félögin fengið undanþágur frá gildissviði upplýsingalaga með auglýsingum nr. 9/2020, nr. 1175/2016 og nr. 1211/2013.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis, dags. 22. júlí 2025, kemur fram að ráðuneytinu hafi borist beiðnir frá Landsbankanum hf. um áframhaldandi undanþágur til handa fimm nánar tilgreindum dótturfélögum bankans. Það sé mat ráðuneytisins að ekki hafi átt sér stað veigamiklar breytingar á starfsemi Landsbankans eða dótturfélaganna sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna. Því leggi ráðuneytið til að umræddum dótturfélögum verði veittar áframhaldandi undanþágur frá gildissviði upplýsingalaga.

Um var að ræða eftirfarandi félög:

1. Blámi – fjárfestingarfélag ehf.
2. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.
3. Hömlur ehf.
4. Hömlur fyrirtæki ehf.
5. Landsbréf hf.

Ekki var óskað eftir undanþágu fyrir félögin Flóa ehf. og Lindir Resources ehf. sem höfðu hlotið undanþágu samkvæmt auglýsingu nr. 4/2023, en félögin voru afskráð á árinu 2024.

Þá hafi fjármála- og efnahagsráðuneytinu einnig borist beiðnir frá Landsbankanum hf. um undanþágur til handa þremur tilgreindum dótturfélögum sem bankinn eignaðist í lok febrúar 2025 sem ráðuneytið leggur til að hljóti undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga.

Um var að ræða eftirfarandi félög:

1. TM tryggingar hf.
2. TM líftryggingar hf.
3. Íslensk endurtrygging hf.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um tillöguna með erindi, dags. 9. desember 2025. Í umsögninni, dags. 22. desember 2025, kemur fram að

Samkeppniseftirlitið telji að rök standi enn til þess að umrædd dótturfélög Landsbankans fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna. Í umsögninni er enn fremur lagt til að veita nýjum dótturfélögum Landsbankans undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga. Segir þar m.a. að samkvæmt upplýsingum í bréfi Landsbankans megi sjá að um einkaréttarleg félög sé að ræða sem eru að öllu leyti í samkeppnisrekstri við önnur félög í sams konar rekstri sem feli ekki í sér veitingu þjónustu sem talist getur til opinberrar þjónustu. Er það því mat Samkeppniseftirlitsins að skilyrði 3. mgr. 2. gr. laganna séu uppfyllt í málinu.

2. Ákvörðun forsætisráðherra

2.1. Um undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga

Upplýsingalög, nr. 140/2012, taka til allrar starfsemi stjórnvalda og auk þess til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna. Þau taka þó ekki til lögaðila, sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði geti forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka ákvörðun til baka. Þá er jafnframt kveðið á um að forsætisráðuneytið skuli halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt framangreindri málsgrein og skuli undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun um undanþágu tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í undanþágu á grundvelli 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga felst að viðkomandi lögaðila er ekki skylt að afgreiða beiðnir um aðgang að gögnum sem settar eru fram á grundvelli upplýsingalaga.

Í almennum athugasemdum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 140/2012 kemur fram að gert sé ráð fyrir því nýmæli að upplýsingalögin skuli, auk allrar starfsemi stjórnvalda, taka til allrar starfsemi sem fram fer á vegum einkaréttarlegra lögaðila sem eru í eigu hins opinbera að 51% hluta eða meira. Í þessu felist umtalsverð rýmkun á gildissviði frá þágildandi upplýsingalögum. Að því þurfi þó að gæta að í þessu felist ekki sjálfkrafa að allar upplýsingar sem þessa lögaðila varða verði aðgengilegar almenningi. Áfram sé byggt á þeirri reglu að vegna samkeppnishagsmuna sé heimilt að undanþiggja ýmsar upplýsingar aðgangsrétti almennings. Undantekning 3. mgr. 2. gr. sé þannig fyrst og fremst til hagræðingar við beitingu laganna.

Í athugasemdum við 2. gr. í greinargerðinni segir enn fremur að undanþáguheimild 3. mgr. 2. gr. verði aðeins beitt ef starfsemi viðkomandi lögaðila sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt séu því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fari á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Þá er tekið fram að ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. verði að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst sé jafnframt

að henni verði að beita af mikilli varfærni og er m.a. vísað til þess að skv. 4. tölul. 10. gr. laganna sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. sé á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

2.2. Niðurstaða

Eftirtalin félög eru til umfjöllunar í ákvörðun þessari:

Blámi – fjárfestingarfélag ehf.
Félagið er 100% í eigu Landsbankans hf. Tilgangur þess er eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, lánastarfsemi og önnur skyld starfsemi.

Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.
Félagið er 100% í eigu Landsbankans hf. Tilgangur þess er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti; lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur ehf.
Félagið er 100% í eigu Landsbankans hf.. Tilgangur þess er fjárfestingar og umsýsla með fjármálagerninga, rekstur eignarhaldsfélaga, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur fyrirtæki ehf.
Félagið er 100% í eigu Hamla ehf. Tilgangur félagsins er eignarhald félaga, innflutningur, smásala, heildsala, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og fjárfestingarstarfsemi.

Landsbréf hf.
Landsbréf er dótturfélag Landsbankans í gegnum Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. (sem á 99,99% eignarhlut) og Bláma – fjárfestingarfélag ehf. (sem á 0,01% eignarhlut), en bæði eru þau félög að öllu leyti í eigu Landsbankans hf. Félagið er rekið sem sjálfstætt rekstrarfélag sjóða og er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða, auk þess sem félagið hefur starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar.

TM tryggingar hf.
Félagið er dótturfélag Landsbankans hf. Allt hlutafé félagsins er í eigu Landsbankans hf. nema einn hlutur sem er í eigu Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. Félagið er rekið sem sjálfstætt eftirlitsskylt vátryggingafélag og er tilgangur þess að hafa með höndum hvers konar vátrygginga- og fjárfestingarstarfsemi. Félagið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem tekur til helstu greinaflokka vátrygginga. Félagið starfar í samkeppnisrekstri við önnur vátryggingafélög.

TM líftryggingar hf.
Félagið er dótturfélag TM trygginga hf. Allt hlutafé félagsins er í eigu TM trygginga hf. nema einn hlutur sem er í eigu Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Tilgangur þess er að hafa

höndum með líftryggingar og aðrar persónutryggingar, lánastarfsemi og kaup og sölu verðbréfa. Félagið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem tekur til áhættu- og söfnunarlíftrygginga, með og án fjárfestingaráhættu, og heilsutrygginga. Félagið starfar í samkeppni við önnur líftryggingafélög. Allri starfsemi félagsins er útvistað til móðurfélagsins TM tryggинga hf.

Íslensk endurtrygging hf.
Félagið er dótturfélag TM tryggинga hf. Allt hlutafé félagsins er í eigu TM tryggинga hf. nema einn hlutur sem er í eigu Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Tilgangur þess er að annast endurtryggingu fyrir íslensk og erlend vátryggingafélög. Virkri endurtryggingastarfsemi félagsins var hætt í árslok 2000 og vinnur félagið eingöngu að uppgjöri gamalla endurtryggingaskuldbindinga. Allri starfsemi félagsins er útvistað til móðurfélagsins TM tryggинga hf.

Félögunum Bláma – fjárfestingarfélagi ehf., Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf., Hömlum ehf., Hömlum fyrirtæki ehf. og Landsbréfum hf. var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga með ákvörðun forsætisráðherra sem öðlaðist gildi við birtingu auglýsingar nr. 4/2023. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekkert breyst í starfsemi félaganna sem gefur tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna. Til viðbótar framangreindum félögum hefur Landsbankinn hf. sótt um undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga fyrir hönd dótturfélaga sem bankinn eignaðist í lok febrúar 2025, þ.e. TM tryggинga hf., TM líftryggинga hf. og Íslenskra endurtryggинga hf. Framangreindum félögum hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnsýslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félaganna er þannig einkaréttarlegs eðlis og félögin stunda ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu ríkisins í gegnum móðurfélag sitt Landsbankann hf. Þessu til viðbótar er starfsemi umræddra félaga að öllu eða mestu leyti í samkeppni við aðra einkaaðila á markaði, sbr. umsögn Samkeppniseftirlits frá 22. desember 2025.

Að öllu framangreindu virtu er það ákvörðun forsætisráðherra að þau dótturfélög Landsbankans hf. sem fjallað hefur verið um í ákvörðun þessari skuli ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012. Undanþágan skal endurskoðuð eigi síðar en 19. febrúar 2029.

Hvað varðar dótturfélög Landsbankans hf., sem veitt var undanþága frá gildissviði upplýsingalaga með ákvörðun forsætisráðherra, dags. 10. janúar 2023, sbr. auglýsingu nr. 4/2023, en var ekki óskað eftir að yrðu áfram undanþegin gildissviði laganna, hefur forsætisráðherra ákveðið að undanþága þeirra skuli falla brott. Nánar tiltekið eru það félögin Flói ehf. og Lindir Resources ehf.

Fyrir hönd ráðherra,

Páll Þórhallsson

Gunnar Narfi Gunnarsson

Samrit: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Afrit: Samkeppniseftirlitið.